

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafa umhverfissráðherra og utanríkisráðherra í dag staðfest aðalskipulag Sandgerðisbæjar 1997-2017.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. ágúst 1999.*

*Utanríkisráðuneytinu, 5. ágúst 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Benedikt Ásgeirsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald

kr. 4.975

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun

kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

#### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir: